

G J A L D S K R Á

yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því sem umfram er samkvæmt ákvæðum í reglugerð, dagsettri 30. nóvember 1969, ríkissjóðsgjöld, sem hér segir:

A. Áfengi:	0.375 lítrar	0.75 lítrar
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouthe og aperitivar		kr. 200.00
2. Koniak, brandy, wisky, brennivín, vodka, gin, genever, rom, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir	kr. 400.00	— 750.00
B. Reyktóbak: Kr. 425.00 pr. tylft eða lb.		
C. Vindlingar: Kr. 550.00 pr. vindlingalengju.		
D. Vindlar:		
Smávindlar	kr. 60.00 pr. 10 stk.	
Meðalstærð	— 225.00 — 25 —	
Vindlar aðrir	— 350.00 — 25 —	

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 24. janúar 1973. Með gildistöku gjaldskrár þessarar, er felld úr gildi gjaldskrá nr. 223/1971 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið 19. janúar 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Dorsteinn Ólafsson.

A U G L Ý S I N G

um breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 22. janúar 1973 taka gildi breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.